

Ágrip – Samspil örflæðis og almenningsamgangna

Vinsældir örflæðis (e. micromobility) sem ferðamáta hafa aukist mikið undanfarin ár og deilipjónustur hjóla og rafskúta hafa séð auknar vinsældir um land allt. (Deili)örflæði er oft hugsað til þess að auka notkun á vistvænum ferðamátum og minnka notkun einkabílsins og þar af leiðandi minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Í þessu verkefni er gerð greining á mögulegum áhrifum örflæðis og aukning rafhjóra mun hafa á notkun almenningsamgangna og hjólríða á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að greina þessi áhrif munu tækifæri samspils örflæðis og almenningsamgangna vera skoðuð auk aukningar á hraða hjólandi með aukningu rafhjóra, og hvernig það hefur áhrif á ferðamátaval. Greiningin verður gerð m.a. með því að kanna nokkrar sviðsmyndir í samgöngulíkani fyrir höfuðborgarsvæðið og greint áhrifin á ferðamátaval. Rannsóknir sem hafa nú þegar verið gerðar á notkun örflæðis og almenningsamgangna og hraða rafhjóra verða skoðaðar og niðurstöður úr líkaninu bornar saman við rannsóknir. Niðurstöður greiningarinnar verður síðan vonandi hægt að nota til þess að bæta samgöngulíkanið fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir alla samgöngumáta.

Til að rannsaka hvaða áhrif rafhjól og aukning örflæðis hafa á notkun almenningsamgangna og hjólríða munu þrjár sviðsmyndir vera skoðaðar í samgöngulíkani fyrir spáárið 2034. Sú fyrsta skoðar hvernig áhrifin eru ef ferðir frá og að biðstöðvum eru auðveldari, til dæmis með notkun deilijóla eða rafskúta. Önnur sviðsmyndin mun skoða hvaða áhrif aukning rafhjóra og þar af leiðandi hraðari hjólaumferð mun hafa á hlutdeild mismunandi ferðamáta. Þriðja sviðsmyndin skoðar svo hvernig samlegaðaráhrifin eru ef sviðsmyndir 1 og 2 eru reiknaðar saman.

Niðurstöður sviðsmyndanna eru í samræmi við aðrar rannsóknir. Allar sviðsmyndirnar sýna minni notkun einkabílsins og meiri notkun vistvænna ferðamáta. Helsta breytingin á ferðamátavali er minni notkun á einkabílum þó svo við sjáum einnig fólk breyta úr almenningsamgöngum á hjól og öfugt í styttri ferðum í einhverjum af sviðsmyndunum. Niðurstöður úr líkaninu frá þeim sviðsmyndum sem bæta ferðatíma hjólandi sýna að mikið af ferðum miðsvæðis í Reykjavík skiptast yfir í hjól, annað hvort frá strætó eða bíl. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir, enda ferðir í miðbæjum oft styttri og krefjast minni áreynslu.

Ein af helstu áhyggjum af því að bæta aðgengi (deili)örflæðis er að notendur fari helst frá almenningsamgöngum í stað þess að minnka notkun einkabílsins. Rannsóknir benda til þess að á svæði líkt og höfuðborgarsvæðið, sem er með frekar dreifðri byggð og með strætókerfi, myndi deiliörflæði vinna með almenningsamgöngum í stað þess að vinna á móti þeim og þá sérstaklega fyrir ferðir utan miðbæjarins. Niðurstöður líkansins eru í samræmi við þessar rannsóknir þar sem notkun almenningsamgangna jókst almennt fyrir ferðir lengri en 5 mínútur.

Úr öllum sviðsmyndunum var hlutdeild bílaumferðar að minnka og hlutdeild hjólríða og almenningsamgangna aukast. Allar sviðsmyndirnar sýndu minni notkun á einkabílum. Líkt og hefur verið nefnt í rannsóknum eru hjólríðar oft hentugar fyrir stuttar ferðir og sviðsmyndirnar sýndu að það sé líklegt að stuttar ferðir miðsvæðis í Reykjavík verði farnar á hjóli eða öðru örflæðisfarartæki.